

STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2008, fimmtudaginn 13. mars kl. 14:45 var haldinn 84. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn í Stöðvarstjóraráhúsinu í Elliðaárdal.

Þessi sátu fundinn: Kjartan Magnússon, Gunnar Sigurðsson, Gunnar Hjálmarsson, Björn Bjarki Þorsteinsson, Ásta Þorleifsdóttir, Sigrún Elsa Smáradóttir og Svandís Svavarsdóttir. Ennfremur sátu fundinn forstjóri, framkvæmdastjóri framleiðslu og sölu, framkvæmdastjóri veitna og framkvæmdastjóri fjármála.

Fundarritari var Eiríkur Hjálmarsson.

Þetta gerðist:

1. Lagður fram samstæðureikningur Orkuveitu Reykjavíkur fyrir árið 2007 og endurskoðunarskýrsla vegna ársins 2007. Auðunn Guðjónsson og Hlynur Sigurðsson frá KPMG, endurskoðendum Orkuveitu Reykjavíkur, gerðu grein fyrir reikningnum og skýrslu endurskoðenda.

Reikningurinn samþykktur og undirritaður af stjórn og forstjóra.

2. Lögð fram viljayfirlýsing um sölu á 90-100 MW raforku til iðjuvers með fyrirhugaða umhverfisvæna framleiðslu í Ölfusi, undirrituð 5. mars 2008 með fyrirvara um samþykki stjórnar.

Samþykkt.

Svandís Svavarsdóttir og Sigrún Elsa Smáradóttir sitja hjá og óska bókað:

Í fyrirliggjandi yfirlýsingu er gert ráð fyrir að Orkuveita Reykjavíkur útvegi 90-100 MW til fyrsta áfanga en síðan 85 MW til viðbótar síðar, en gert er ráð fyrir alls 350 MW til starfseminnar. Ekki hefur verið upplýst hvernig á að afla þessarar raforku eða hvar.

Fyrir liggur samningur um sölu á rafmagni upp á 100 MW til fyrsta áfanga Helguvíkur. Hinsvegar einungis viljayfirlýsing fyrir 2. og 3. áfanga upp á samtals 150 MW. Umhverfisráðherra hefur kynnt umtalsverðar efasemdir um álver í Helguvík og gagnrýnt sveitarstjórnir í Reykjanesbæ og í Garði fyrir að rasa um ráð fram þar sem ýmsar forsendur skortir til framkvæmdarinnar.

Bitra er nú í umhverfismati en áætlað afl hennar er 135 MW. Engum blöðum er um það að fletta að sá virkjanakostur er verulega umdeildur og mikil andstaða gegn því að hrófla við Ölkelduhálsi og umhverfi hans sem er einstök náttúruperla. Þessa andstöðu er jafnt að finna meðal almennings, borgarfulltrúa í Reykjavík og þingmanna og jafnvel óljóst hvort núverandi meirihluti muni standa að virkjun þar.

Fulltrúar Samfylkingarinnar og Vinstri grænna sitja hjá við afgreiðsluna með fyrirvara um endanlega afstöðu til samninga og leggja áherslu á mikilvægi þess að skoða allt málið í samhengi bæði að því er varðar umhverfis- og náttúruverndarsjónarmið, virkjanir og atvinnuuppbyggingu á svæðinu. Fulltrúarnir telja almennt áhugavert að huga að öðrum valkostum en áli og því vert að skoða þennan valkost betur.

Gunnar Sigurðsson óskar bókað:

Ég er fylgjandi þessari hugmynd og finnst hún góð og stjórnarformaður og forstjóri ásamt öðru starfsfólki Orkuveitu Reykjavíkur hafa unnið vel að undirbúningi málsins.

Kjartan Magnússon, Ásta Þorleifsdóttir og Gunnar Hjálmarsson óska bókað:

Meirihluti stjórnar OR telur tímabært að huga að fjölbreyttari kostum í heildsölu á raforku til stórkaupenda, ekki síst á grundvelli áhættudreifingar í rekstri og með tilliti til umhverfissjónarmiða.

3. Bókun stjórnar um leyfi forstjóra:

Stjórnarformanni falið að ganga frá samningi við Guðmund Þóroddsson um tveggja mánaða framlengingu á leyfi hans frá forstjórastarfi. Á meðan gegni Hjörleifur B. Kvaran áfram starfi forstjóra.

Starfsmenn OR viku af fundi undir þessum lið.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 15:50

Kjartan Magnússon,
Ásta Þorleifsdóttir, Björn Bjarki Þorsteinsson, Gunnar Hjálmarsson, Gunnar Sigurðsson,
Sigrún Elsa Smáradóttir og Svandís Svavarsdóttir.